# SIGTHORA ODINS



Polydipsia is a medical term for abnormal feeling of constant thirst, to imply a high level of fluid intake when a person is or should be properly hydrated. Polydipsia can be dangerous for those who suffer from it.

Word origin
(ˌpɒlɪˈdɪpsɪə )

noun, Medicine/Medical.
Excessive thirst

1650–60; < New Latin < Greek polydíps ( ios ) very thirsty ( poly- poly- + díps ( a ) thirst + -ios adj. suffix) + -ia -ia

SIGTHORA ODINS

# POLYDIPSIA / ÓSEÐJANDI ÞORSTI

6.- 27. JÚLI

PORTFOLIO
GALLERÍ



Ljósmynd: Siska

Polydipsia – óseðjandi þorsti

Polydipsia er læknisfræðilegt hugtak yfir það þegar fólki finnst það þurfa að drekka vatn í gríð og erg, langt umfram það sem ráðlegt er eða hollt. Egyptar skrifuðu fyrst um þetta fyrir tæpum 4.000 árum og hafa læknar síðan getað tengt það við ýmsa líkamlega kvilla. En stundum er þetta geðræns eða huglægs eðlis og þá er úr vöndu að ráða. Vatnsdrykkjan er þá orðin að einhvers konar áráttu eða fíkn. Fíkn er hins vegar erfitt að skilgreina nema þegar hægt er að kalla hana fíknisjúkdóm, en það er þegar áráttan er orðin skaðleg þér eða öðrum.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að fíkn má rekja til boðefna í taugakerfinu – dópamíns – sem vekja með okkur gleði eða unaðstilfinningu. Þau gegna mikilvægu hlutverki í lífinu og hjálpa okkur að velja það sem er gefandi eða gott fram yfir annað. En það er líka hægt að spila á kerfið og það gera t.d. efni eins og sykur, áfengi, eiturlyf og tóbak. Það þarf ekki einu sinni efni til: Það er ofboðslega gaman að vinna í fjárhættuspili en ofsa leiðinlegt að tapa og þá þarf maður að spila áfram til að endurvekja gleðina. Maður ánetjast, alveg eins og dópistinn og alkinn. Það er líka hægt að ánetjast því að horfa á sjónvarp, kaupa föt eða flottan bíl þótt maður hafi ekki efni á því, fá „like“ á samfélagsmiðlum, ferðast til útlanda án þess að eiga þangað erindi eða að hlusta á sjálfan sig tala alltof lengi á fundum.

Í nútímanum er stundum eins og við séum öll á þönum eftir næsta dópamínskammti og í okkar samfélagi er þá óhjákvæmilegt að aðrir reyni að ýta undir fíknina og hafa hana að féþúfu. Við erum haldin óseðjandi þorsta en vitum jafnvel ekki í hvað.

*Jón Proppe*

Sigthora Odins (f. 1981)  útskrifaðist úr myndlistardeild Listaháskóla Íslands árið 2015 og lauk diplómanámi í leirlist frá Myndlistaskóla Reykjavíkur árið 2012. Sigthora hefur tekið þátt í samsýningum hérlendis og erlendis, meðal annars í samstarfi við listahópinn “ Computer Spirit“ á árunum 2016 - 2018 í Noregi og Eistlandi. Hún hefur haldið einkasýningar á verkum sínum á Íslandi og Danmörku og hlotið viðurkenningu fyrir verk sín í Hollandi.



Virkni - Potency #1
73 cm x 56 cm
Pappír, blek, akrýl, salt, lakk
2024



Virkni - Potency #2
73 cm x 56 cm
Pappír, blek, akrýl, salt, lakk
2024



Virkni - Potency #3
73 cm x 56 cm
Pappír, blek, akrýl, salt, lakk
2024



Virkni - Potency #4
73 cm x 56 cm
Pappír, blek, akrýl, salt, lakk
2024

Inntak / input #1
70 cm x 53 cm
Gifs, mdf, pappír, akríl, blek, salt, lakk, steypa
2024



Inntak / input #2
93 cm x 73 cm
Gifs, mdf, pappír, akríl, blek, salt, lakk, steypa, álpappír
2024



Mildi
124 cm x 90 cm
Pappír, blek, akrýl, salt, lakk
2024



10 MG
82 cm x 53,5 cm
Gifs, pappír, blek, akrýl, salt, lakk.
2024



Ummerki - traces #2
112 cm x 80 cm
Gifs, mdf, blek, akrýl, salt, lakk, límkítti, gler.
2024



Ummerki - traces #1
112 cm x 80 cm
Krossviðarplata, mdf, málning, blek, límkítti, gler.
2024



**VERÐSKRÁ**

| | |
|---|---|
| VIRKNI 1 | 290.000.- |
| VIRKNI 2 | 290.000.- |
| VIRKNI 3 | 290.000.- |
| VIRKNI 4 | 290.000.- |
| INNTAK 1 | 410.000.- |
| INNTAK 2 | 480.000. |
| MILDI | 370.000.- |
| 10 MG | 310.000.- |
| UMMERKI 1 | 390.000.- |
| UMMERKI 2 | 390.000.- |



PORTFOLIO
GALLERÍ

HVERFISGATA 71  101 REYKJAVIK  GALLERI@PORTFOLIO.IS WWW.PORTFOLIO.IS